



**Meningarráð Vesturlands auglýsir menningarstyrki og
stofn- og rekstrarstyrki ársins 2014.**

Umsóknarfrestur rennur út 1. desember 2013.

Menningarstyrkir. Tilgangur menningarstyrkjanna er að efla menningarstarfsemi á Vesturlandi. Árið 2014 mun Menningarráð Vesturlands leggja áherslu á eftirfarandi verkefni:

Verkefni sem fjölga atvinnutækifærum í listum, nýsköpun og ferðaþjónustu.

Verkefni sem styrkja listræna sköpun og samstarf ungs fólks á Vesturlandi.

Verkefni sem styrkja listræna sköpun og hugsun í verkefnum barna og unglinga.

Verkefni sem undirbúa og efla samstarf á Vesturlandi, milli landsvæða og landa.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagsamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Vesturlandi.

Stofn- og rekstrarstyrkir. Tilgangur styrkjanna er að efla starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs. Stuðla að nýsköpun og styðja við starfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á Vesturlandi. Umsækjendur geta verið félög, fyrirtæki stofnanir og sveitarfélög á svæðinu. Umsækjendur verða að geta sýnt fram á fleiri fjárhagslega bakhjarla. Styrkir ráðsins geta aldrei numið hærri fjárhæð en helmingis alls kostnaðar.

Athugið að hér eru tvenns konar styrkveitingar auglýstar, annars vegar menningarstyrkir og hins vegar stofn- og rekstrarstyrkir og er því um tvö aðskilin umsóknarform að ræða. [Auglýsingin er háð fjárlögum ársins 2014.](#)

Viðvera menningarfulltrúa verður á eftirfarandi stöðum á Vesturlandi. Þar verða menningarstyrkir og stofn- og rekstrarstyrkir kynntir í samstarfi við heimamenn.

Búðardalur: Þriðjudaginn 5. nóvember kl. 12. -14 í stjórnsýsluhúsinu.
Steinólfsdóttir formaður menningarráðs.

Elísabet Haraldsdóttir og Halla

Borgarnes: Miðvikudaginn 6. Nóvember kl. 14-16 á skrifstofu Menningarráðs Bjarnarbraut 8. Elísabet Haraldsdóttir og Einar Þorvaldsson, atvinnuráðgjöf SSV

Stykkishólmur: Föstudaginn 8. nóvember. kl. 12 -14

Elísabet Haraldsdóttir og Dagbjört Höskuldsdóttir, formaður safna og menningarnefndar.

Snæfellsbær. Föstudaginn 8. nóvember kl 12.- 14. í Átthagastofu, Ólafsvík.

Elísabet Haraldsdóttir, Kristín Björg Árnadóttir, símenntun og Margrét Björk Björnsdóttir, atvinnuráðgjafi.

Grundarfjörður: Föstudaginn 8. nóvember kl. 15.-16 í Sögusafninu Grundargötu

Elísabet Haraldsdóttir og Alda Hlín Karlsdóttir menningarfulltrúi Grundarfjarðar.

Akranes: Mánudaginn 11. nóvember kl. 12 -14 í Garðakaffi Safnasvæðinu Görðum. Elísabet Haraldsdóttir og Anna Leif Elíadóttir, verkefnastjóri menningarmála.

Hvalfjarðarsveit. Mánudaginn 11. nóvember k. 15-16 í Stjórnsýsluhúsinu

Elísabet Haraldsdóttir og Anna Leif Elíadóttir form. menningar- og atvinnuþróunarmála.